



Myndina tók Þórir Kjartansson í Vík.

Starfsfólk Dagskrárinnar færir lesendum sínum hugheilar þakkir fyrir samfylgdina á árinu, með ósk um gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Árið sem er að líða hefur verið heldur óvenjulegt. Þegar

litið er til baka verður þetta ár minnstætt fyrir margra hluta sakir. Brátt hækkar þó sól á lofti og við bindum vonir við að næsta ár beri með sér betri tíð fyrir okkur öll. Á nýju ári munum við halda áfram að

flytja lesendum sunnlenskar fréttir af því sem helst er um að vera í samfélaginu þá stundina. Kæru lesendur. Njótið jóllanna eftir því sem kostur er, tökum fagnandi á móti hækkingu sól.

-gpp

Skrifað undir samning um smíði brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi

Fulltrúar Vegagerðarinnar og ÞG-verks skrifuðu undir samning um smíði brúar yfir Jökulsá á Sólheimasandi. Verkið Hringvegur (1) um Jökulsá á Sólheimasandi var boðið út í lok september á þessu ári og tilboð opnuð í lok október.

Verkið felst í byggingu brúar á Jökulsá á Sólheimasandi ásamt endurgerð vegarkafla Hringvegar beggja vegna og gerð bráðabirgðavegar.

Hæðarlega vegkaflanna er breytt frá því sem nú er, meðal annars til að vegurinn rofni áður en flæðir yfir brúna. Brúin verður rúmlega 163 metra löng, tvíbreið, steinsteypt, eftirspennt bitabré. ÞG-verk átti lægsta tilboðið í verkið upp á tæpar 735 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að verktaki geti hafið framkvæmdir strax. Brúarflokkur Vegagerðarinnar er nú þegar við störf og vinnur að byggingu



bráðabirgðabráur sem verður í notkun meðan á framkvæmdum stendur.



Krakkar styrkja Sjóðinn góða um 50 þúsund kr.

Sjóðnum góða barst heilmikill líðsstyrkur frá nemendum í níunda bekk Barnaskólans á Stokkseyri og Eyrarbakka. Nemendurnir ákváðu að í stað þess að halda jólapakkaleik yrði ágóðinn látinn renna óskiptur til Sjóðsins góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkna í Árnessýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar og félagsþjónustu Árnesþings. Sjóðurinn styður við þá sem hafa minna á milli handanna um jól hver.

„Það var foreldri sem kom með þessa hugmynd til umsjónarkennara. Kennarinn okkar í 9. b, Ragna Berg, bar hugmyndina upp og okkur fannst hún mjög góð. Við ákváðum að láta fé af hendi rakna og samtals varð þetta um 50 þúsund krónur, þegar allt var talið,“ segja krakkarnir í skriflegu svari til Dagskrárinnar. Þegar þau eru innt eftir því hvers vegna það

skipti máli að styðja verkefni eins og Sjóðinn góða segja þau: Það eru margir sem hafa lítið á milli handanna og sérstaklega á þessum tímum.

Hvöttu aðra til að gera slíkt hið sama

Nemendur í 10. b heyrðu af þessu og ákváðu að vera með. Krakkarnir segja jafnframt að það sé góð tilfinning að hjálpa öðrum. Það séu margir sem eru fátækir, eigi ekki pening og þá sérstaklega um jólin. Þetta kemur í góðar þarfir þar sem ljóst er að Sjóðurinn góði þarf að styðja við fjölmarga þetta árið.

-gpp



Við óskum Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Jólahlaðborð á Foss- og Ljósheimum á Selfossi

Þann 10. desember 2020 bauð Vínafélag Foss- og Ljósheima upp á glæsilegt jólahlaðborð fyrir heimilisfólk á Foss- og Ljósheimum. Veislan tókst sérlega vel og var gríðarlega mikil ánægja með þessa tilbreytingu í aðdraganda jóla. Heimilisfólk deildanna hefur þurft eins og fjölmargir aðrir að þola lokanir og takmarkanir í Covid faraldrinum og því lítið verið um utanaðkomandi heimsóknir ástvína eða skemmtilegar uppákomur eins og hefðbundið væri á þessum árstíma. Heilbrigðisstofnun Suðurlands færir Vínafélaginu hugheilar þakkir fyrir framtakið.



VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Við óskum Sunnlendingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum við árið sem er að líða.



Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og nýárskveðjur.

www.fit.is

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

Jólaóskín

Saga byggð á sönnum atburðum

Hún var einstæð móðir, hugs-
aði eins vel og hún gat um
börnin sín tvö. Jólátíminn var að
hefst og hún hugsaði hvernig
hún gæti haldið jól með börn-
unum sínum. Hún vissi að það
væri auðvelt að gleðja börnin
en innst inni langaði hana að
kaupa handa þeim fallega gjöf.
Hún hafði lagt til hliðar í nokkra
mánuði og þannig tókst henni að
eiga pening til að kaupa í jóla-
matinn.

Inn um lúguna streymdu
bæklingarnir með myndum af
öllu því sem hægt væri að hugsa
sér. Hún sat um kvöldið með
kaffibolla við hönd og renndi í
gegnum bæklingana og lét sig
dreyma um allt sem hana lang-
aði að kaupa. Hún vissi að börn-
in yrðu ánægð með peysurnar
sem hún hafði keypt á haustút-
sölunum. Hún vonaði að börnin
myndu ekki stækka það mikið
að peysurnar yrðu of litlar um
jólin. Hún mátti ekki við því.

Þar sem hún sat og gluggaði
í stóran bækling úr glanspappír
blasti við henni sætur og bútt-
aður jólasveinn og var eins
og hann kæmi rennandi sér á
hlaupahjól. Hún brosti við „Æi,
góði minn. Það sem ég vildi
óska að ég gæti keypt hlaupa-
hjól handa börnunum. En það
verður víst ekki þessi jól.“ Hún
starði á sveinka bruna um blað-
síðuna en þegar hún sá verðið,

14.999 reiddist hún, rak út úr sér
tunguna í átt að rennandi sveink-
anum og fletti yfir á næstu blað-
síðu. Þar tók við önnur síða með
kátum, búttuðum jólasveinum
rennandi sér á hjólum og hjóla-
brettum. Hún varð sorgmædd,
reið og sár, stóð upp, reif blaðið
og henti því í ruslið. Bara ef...

Hún hugsaði um að skríða
upp í rúm en hún var ekki í skapi
til þess. Heldur settist hún í sóf-
ann kveikti á sjónvarpinu. Sat
með fjarstýringuna í höndunum
og fletti í gegnum stöðvarnar
einni af annari. Þær voru ekki
margar sem voru fríar en alltaf
voru það einhverjar. Í huganum
reikaði hún aftur og mundi þá
að hún hafði misst af fréttunum.
Hún var að hugsa um hvort hún
ætti að setja á tímaflakkið og
horfa á fréttatímann. Hún var
samt ekki í skapi til þess. Hún
ýtti á takkan annars hugar og lét
fjarstýringuna fletta á milli lið-
inna þátta sem hún hafði í raun
engan áhuga á. Hún var við það
að slökkva á sjónvarpinu þegar
jólamynd hófst á einni stöðinni.
Myndin var gömul, svart/hvít
frá árinu 1947. Hún blótaði í
laumi hvað væri alltaf verið
að sýna þessar gömlu myndir
það væri eins og ekki væru til
almennilegar jólamyndir. Ótrú-
legt að það þyrfti alltaf að dusta
rykið af einhverjum eldgömlum
myndum sem allir voru búnir
að sjá hundrað sinnum. Hún
staldraði samt við og byrjaði að
horfa á myndina. Vissi í raun
ekki af hverju en eitthvað var
sem lét hana stoppa að hoppa
í gegnum stöðvarnar á sjón-
varpinu og hún gleymdi stund
og stað þegar gamall góðkunn-
ingi kvikmyndasögunnar birtist
á skjánum, í líki jólasveins og
reynði að telja öllum trú um að
hann væri hinn sanni jólasveinn.
Enginn vildi trúa á hann en innst
inni vildu allir trúa.

Hún vissi ekki fyrr en hún
var búin að kuðla sig saman í
sófanum, vafinn inn í teppi en

með fjarstýringuna í höndunum
þegar stafirnir byrjuðu að renna
upp skjáinn. Myndinni var lokið
og hún hafði horft á hana alla.
Hún stóð upp, slökkti á sjón-
varpinu og gerði sig tilbúna að
fara að sofa. Það síðasta sem
hún gerði á kvöldin var að fara
inn í barnaherbergið til að at-
huga hvort allt væri í lagi. Hún
passaði alltaf að sængin væri
á börnum og að ekki væri kalt
hjá þeim. Hún beygði sig niður
í neðri kojuna og kyssti snáðann
sem lá þar. Þar næst tyllti hún
tánuna á rúmbríkina til að ná upp
í efri kojuna til að smella kossi
á snúlluna sem var þar. Hún
skreið upp í sitt eigið rúm og
steinsofnaði.

Þegar hún vaknaði gerði hún
eins og hún var von, fór fram á
stigaganginn og náði í Frétta-
blaðið. Hún tók eftir því að í
póstkassanum var umslag og
hún hugsaði með sér hver væri
að koma með póst um helgar.
Hún náði að krækja umslagið
upp úr póstkassanum því hún
nennti ekki að fara inn að ná í
lyklana. Forvitnin gerði vart við
sig og hún las utan á umslagið.
Ekkert stóð nema nafnið hennar,
ekki heimilisfangið né var á um-
slaginu frímerki, ekkert sem gaf
til kynna að þetta væri jólakort.
Hún reif upp umslagið og í ljós
kom jólakort. Hún var á annað
borð búin að opna umslagið
þannig að hún togaði kortið upp
úr umslaginu og opnaði. Henni
brá mjög þegar þrír tíupúsundk-
rónaseðlar duttu úr kortinu og
niður á gólf. Hún flýtti sér að
taka peningana upp og lesa það
sem stóð innan í kortinu. Þar
stóð:

Gleðileg jól.
Kveðja, Jólasveinninn.

Hún komst aldrei að því hver
jólasveinninn væri.

Höfundur:
Ásta Kristín Ástráðsdóttir

Framsóknarfélag Árborgar óskar íbúum Sveitarfélagsins Árborgar gleðilegrar
hátíðar með von um bjarta framtíð og farsælt nýtt ár.

Jólaakveðja,

Stjórn Framsóknarfélags Árborgar





JÓLAFATNAÐUR JÓLAGJAFIR

TILBOÐ

Kjólar, túnukur, blússur
og bolir á 5.000 kr.

Gjafabréfin
okkar er
vinsæl
jólagjöf

Gleðilega hátíð, þökkum innilega viðskiptin

MARGT FALLEGT Í
JÓLAPAKKANN

PONSJÓ
LEÐURHANSKAR
VESKI
SKARTGRIPIR

www.tiskuverslun.is

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegí 29 · Selfossi · Sími 482 1800

Ný bók greinir frá gleymdu flugslysi

Bókin Martröð í Mykinesi – Íslenska flugslysið í Færeyjum 1970 er komin út. Höfundar eru Grækis Djurhuus Magnussen og Magnús Þór Hafsteinsson. Í þessari bók er sögð ótrúleg saga af flugslysi sem hefur legið í þagnargildi í hálfa öld. Bókin geymir vitnisburði fjölda fólks sem komst lífs af úr slysinu eða tók þátt í björgunarárðgerðum, bæði Íslendinga, Færeyinga og Dana. Auk þess er mikill fjöldi ljósmynda í bókinni sem hafa aldrei sést áður.

Laust fyrir hádegi 26. september 1970 brotlenti Fokker Friendship-vél Flugfélags Íslands í roki, þoku og rigningu undir tindinum Knúki á Mykinesi í Færeyjum. Alls voru 34

um borð í fullsetinni vélinni. Fjögurra manna áhöfn var skipuð Íslendingum og tveir úr farþegahópnum voru frá Íslandi.

Flak vélarinnar fannst ekki fyrr en nokkrum klukkustundum síðar. Þá voru átta látnir en 26 á lífi. Björgunaraðgerðir hófust við afar erfiðar aðstæður. Mykinesi var einangruð klettaeyja með fáum íbúum sem lifðu af búskap, fuglatekju og fiskveiðum. Fólkið þar stóð frammi fyrir hópslysi sem enginn hafði ímyndað sér að gæti orðið í Færeyjum.

Björgunarlið, sem var sent til Mykiness, varð að glíma við illviðri og miklar torfærur á leið sinni á slystaðinn. Áhöfn flugvélarinnar og þau

úr farþegahópnum sem gátu staðið á fótum urðu sjálf að ganga ofan af fjallinu til byggða.

Martröð í Mykinesi lýsir einstakri og ógleymanlegri sögu sem hefur ekki nema að örlitlu leyti komið fyrir sjónir íslenskra lesenda fyrr. Hér má lesa um hetjudáðir, hugprýði, fórnir og æðruleysi, en líka um þjáningar, sorg og eftirsjá. Enginn, sem lætur sig varða mannleg örlög, getur látið þessa bók framhjá sér fara.

Færeyska sjónvarpið var nýverið við upptökur í Fokker Friendship-vélinni á Flugsafni Íslands á Akureyri en það hyggst nú í vetur sýna heimildavikmynd um slysið.



Hrafnhildur Ólafsdóttir var fyrsta flugfreyja vélarinnar. Hún komst lífs af en slasaðist alvarlega. Hér er hún með fyrsta eintak bókarinnar.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

óskar félögum sínum, fjölskyldum þeirra
og landsmönnum öllum

GLEÐILEGRA JÓLA OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS Í 50 ÁR

Félagar í Rafiðnaðarsambandi Íslands hafa alltaf verið í fararbroddi í þekkingu á raf- og tæknibúnaði og notkun hans. Tryggjum öryggi og skiptum við fagmenn.

STOLTUR BAKHJARL



AÐILDARFÉLÖG RAFIÐNAÐARSAMBANDSINS



Jólaakveðja

Nú liður senn að lokum ársins 2020, ársins sem fór svo vel af stað, hvað varðar okkur sem stöndum í framlínu við stjórnun Sveitarfélagsins Árborgar. Efnahagslífið á fleygi ferð, ferðamenn út um allt að skapa okkur tekjur, íbúafjölgun aldrei meiri, framkvæmdir út um allt til að skapa okkur betri lífsgæði, en svo kom Covid-19, kórónuveiran barst til okkar eins og allrar heimsbyggðarinnar og núna er þetta árið sem við viljum gleyma sem fyrst. Landið nánast lokaðist, ferðamennirnir komu ekki lengur, ferðaþjónustufyrirtæki drógu saman seglin, þjónustufyrirtæki fengu mörg sama skellinn, uppsagnir, lokunarstyrkir og orðið „fordæmalausir tímar“ heyrðist daginn út og inn. Fyrir marga algjört svartnætti og framtíðin algjörlega óljós. Þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir hins opinbera, ríkisvaldsins, sveitarfélaga og annarra, þá dugði það ekki til fyrir alla. Hvernig átti að bregðast við þessu?

Mannauðurinn

Sveitarfélagið Árborg ákvað strax að bregðast við með því að

draga ekki úr framkvæmdum, fara ekki í uppsagnir eða aðrar sársaukafullar aðgerðir þrátt fyrir að við blasti tekjusamdráttur í formi lægra útsvars og ýmissa annarra tekna, vegna samdráttar í samfélaginu. Nauðsynlegar framkvæmdir hafa haldið áfram, s.s. bygging nýs leikskóla, undirbúningur að byggingu nýs grunnskóla, þátttaka í uppbyggingu nýs hjúkrunarheimilis, gatnagerð, lóðaframkvæmdir o.s.frv. Einnig þurfti að bregðast við þrengingum vegna smita, sóttkvíar, einangrunar o.fl. og virkja alla starfsmenn Árborgar til góðra verka við að skipuleggja alla starfsemi upp á nýtt, s.s. í leikskólum og grunnskólum. Allir starfsmenn sveitarfélagsins hafa staðið sig með eindæmum frábærlega og verður þeim seint fullþakkað fyrir sín frábæru störf og lausnamiðaðar aðgerðir í þessu ástandi.

Nýtt ár

En það styttest í árið 2021 sem við horfum til með mikilli bjartsýni og að „veiruskrattinn“ verði hrakinn í burtu með samhentum átaki og bólusetningu landsmanna. Það ríkir ákveðin

Helgi Sigurður Haraldsson

bæjarfulltrúi
Framsóknar
og óháðra í
Svf. Árborg.



Sunnlenski
matgæðingurinn



Gráðaoastagott

Alger snilld með piparkökum á aðventunni og jafnvel smá þúrtvínsglasi.

Hráefni

120 gr blámygluostur (1 pakki)
30 gr. smjör við stofuhita
30 gr. mascarpone
2 tsk. rífsberjahlaup
60 ml Ruby port

Aðferð

Setjið þúrtvínið í pott og sjóðið niður í síróp (stórar loftbólur sjást). Látið kólna á meðan ostahræran er löguð.

Setjið allt nema þúrtvínið í matvinnsluvél og blandið vel saman. Notið sleikju til að færa sírópið yfir í ostahræruna og blandið vel saman, þar til næstum kekkjalaust. Látið í litla skál og látið í kæli yfir nótt.

Reyktur silungur eða lax með avocado-fyllingu

Hráefni:

2 avocado (ég notaði frosið, kann ekki að velja)
1 dós mascarpone
Safinn úr ½ sítrónu
1-2 matskeiðar af piparrót (Fæst í þökkum)

Aðferð

Maukað í matvinnsluvél. Byrja með eina matskeið af piparrót, svo má bæta við eftir smekk.

Ég setti svo ½ teskeið af sykri saman við, það hressir upp á piparrótina. Sett í kæli.

Þegar bera á fram þá er laxinn skorinn í sneiðar og ein teskeið af avocado-hrærunni sett á og henni svo rúllað upp. Ristað snittubrauð borið með.

Andalæri með sveskjum og Madeirasósu

Hráefni (fyrir 4)

4 andalæri
300 gr. steinlausar sveskjur
Fínt saxaður laukur
Lárviðarlauf
2 dl Madeira
Andakraftur, Oscar
Salt og pipar.
Hveiti eða sósujafrari.

Aðferð

Þennan rétt er best að elda daginn áður en hans er neytt.

Þerrið lærin með pappírþurrku. Kryddið þau með salti og pipar. Ég nota steypujárns pott sem hefur reynst mér vel. En það má alveg nota góða pönnu og flytja svo steikt lærin yfir í pott til suðu.

Það þarf ekki olíu á pönnuna lærin hafa þá fitu sem þarf til steikingar. Látið lærin með skinnhliðina niður á kalda pönnu og stillið á miðlungshita og brúnið lærin vel á báðum hliðum. Það er betra að gera þetta við lágan hita í lengri tíma en stutt á blússshita. Ég set pottlok yfir á meðan ég steiki lærin.

Þegar lærin eru vel brúnuð hellið þá vatni svo rétt fljóti yfir þau og setjið lárviðarlaufið út í. Látið suðuna koma upp og lækkið svo hitann og sjóðið við vægan hita í tvo tíma eða þar til kjötið er orðið meyr. Takið þá lærin upp úr, látið kólna og setjið í kæli. Sjóðið soðið niður í hæfilegt magn fyrir sósuna. Fínsaxið lauk og svitið í olíu, hellið svo Madeiranu út í og sjóðið niður um helming og sigtið út í andarsóðið. Látið sveskurnar út í og sjóðið í 5 mínútur og takið þær upp úr og látið í skál. Nú er komið að því að bragða sósuna til. Smakkið á soðinu og bætið svo andarkrafti út í, gott er að setja eins og ½ teskeið af nautakrafti með. Þegar bragðið er orðið eins og þið viljið hafa það þá er gott að kæla soðið örlítið niður, við það sest andarfittan á yfirborðið, hana má nota til að þykkja sósuna. Sigið matskeið af hveiti yfir fituna og bíðið þar til hveitið hefur sokkið til botns, ef það er einhver fita eftir, sigtið þá meira hveiti yfir og látið sökkva. Þá hrærið þið þetta saman með piskara og látið sjóða og sósan þykkna. Það má líka einfalda þetta með því að nota bara sósujafrana. Þegar sósan er tilbúin eru sveskurnar látnar aftur út í. Ofninn er stilltur á 200°C og lærin sett í ofnskúffu með skinnið upp og penslaðar með bræddu smjöri og bakaðar þar til vel brúnaðar. Takið úr ofninum og látið hvíla í nokkrar mínútur.



Eldvarnaátak 2020 í gegnum Teams

Runavarnir Árnæssýslu heim-
sækja árlega alla grunnskóla innan sýslunnar á aðventunni. Vegna kórónuveirufaraldursins hefur reynst erfitt að sækja skólana heim og vera með fræðsluna með hefðbundnum hætti. Þannig var ákveðið að boða bekkina á Teams-fundi til þess að fara yfir efnið. Skemmst er frá því að segja að fræðslan hafi tekist vel þrátt fyrir allt. „Það eru tveir fundir búnir og að okkar mati hafa þeir tekist vel.“

Fræðslan skilar sér beint inn á heimilin

Að mati BÁ skilar fræðslan sér beint inn á heimilin og hvetur fólk til að fara yfir eldvarnir heimiliskins. Þá eru bundnar vonir við að þrátt fyrir breytt fyrirkomulag verði það raunin að þessu sinni. Það er þó ekki einungis fræðsla fyrir börnin heldur fá þau glæsilegan sundpoka merka slökkviliðinu ásamt bókinni um Loga og Glöð. Þá fengu allir nemendur skólanna endurskinsmerki sem vonandi nýtast vel í skammdeginu. Rétt er að benda á að heilmikið fræðslufni má finna á heimasíðu BÁ; babubabu.is.



Það helsta sem þarf að hafa í lagi eru reyk-
skynjarar, slökkvitæki og flóttaleiðir. Gangi þarf úr skugga um að reykskynjarar séu í lagi með prófunum, slökkvitæki séu í lagi með því að kanna ástand þeirra og ákveða, kenna og jafnvel æfa flóttaleiðir á heimilinu, þannig að allt heimilisfólk kunni þær upp á sína tíu.

-gpp

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,
gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,
sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.
Dagskráin kemur út á hverjum
miðvikudegi. Allt efni og auglýs-
ingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,
Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum.
Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan
Helliðshéðar. Dagskráin er aðili að
samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er sauðaeýrum á.
Allir vilja til mín ná.
Byssunni er beint að mér.
Boltinn mig í gegnum fer.

Svar við gátu í blaði 2577: STAFUR.

1. lína: Bókstafur - 2. lína: Dyrastafur
3. lína: Göngustafur - 4. lína: Tunnustafur

OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðin Selfossi

Þriðjudagur	22. desember	10-20
Miðvikudagur	23. desember	10-22
Fimmtudagur	24. desember	9-13
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	11-18
Þriðjudagur	29. desember	11-18
Miðvikudagur	30. desember	10-20
Fimmtudagur	31. desember	9-14
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	11-18

Vínbúðin Flúðum

Þriðjudagur	22. desember	11-18
Miðvikudagur	23. desember	11-19
Fimmtudagur	24. desember	10-12
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	11-18
Þriðjudagur	29. desember	11-18
Miðvikudagur	30. desember	11-19
Fimmtudagur	31. desember	10-13
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	11-16

Vínbúðirnar Hellu og Hvolsvelli

Þriðjudagur	22. desember	11-18
Miðvikudagur	23. desember	11-19
Fimmtudagur	24. desember	10-12
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	11-18
Þriðjudagur	29. desember	11-18
Miðvikudagur	30. desember	11-19
Fimmtudagur	31. desember	10-13
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	11-16

Vínbúðin Hveragerði

Þriðjudagur	22. desember	11-18
Miðvikudagur	23. desember	11-19
Fimmtudagur	24. desember	10-13
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	11-18
Þriðjudagur	29. desember	11-18
Miðvikudagur	30. desember	11-19
Fimmtudagur	31. desember	10-13
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	11-16

Vínbúðirnar Vík og Kirkjubæjarklaustri

Þriðjudagur	22. desember	14-18
Miðvikudagur	23. desember	11-19
Fimmtudagur	24. desember	10-12
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	14-18
Þriðjudagur	29. desember	14-18
Miðvikudagur	30. desember	13-19
Fimmtudagur	31. desember	10-13
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	12-14

Vínbúðin Þorlákshöfn

Þriðjudagur	22. desember	14-18
Miðvikudagur	23. desember	11-19
Fimmtudagur	24. desember	10-12
Föstudagur	25. desember	Lokað
Laugardagur	26. desember	Lokað
Sunnudagur	27. desember	Lokað
Mánudagur	28. desember	16-18
Þriðjudagur	29. desember	16-18
Miðvikudagur	30. desember	13-18
Fimmtudagur	31. desember	10-13
Föstudagur	1. janúar	Lokað
Laugardagur	2. janúar	Lokað

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

MUNUM EFTIR
GRÍMUNUM

VÍNBÚÐIN

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

SMURSTÖÐ VERKSTÆÐI DEKKJAVERKSTÆÐI

Bíla- og Tækjapjónustan

SÍMI: 775-8638 VÍÐ GERUM VÍÐ ALLT bilarogt@gmail.com

Pantið tíma í síma 775 8638 Ormsvelli 7, 860 Hvolsvelli

Hef opnað nýtt verkstæði við Ormsvelli 7
tek að mér viðgerðir, smurpöjónustu og dekkjaskipti

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

MÍÐFLOKKURINN

Tómas Ellert Birgir Karl Gauti

Miðflokkurinn sendir landsmönnum
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og
farsæld á nýju ári

midflokkurinn.is

SURF&TURF

**ÞORLÁKSMESSU-
SKATA**

**EINS OG HVER GETUR
Í SIG LÁTID**

Verð **2.900 kr.** Opið kl. 11-13
á Þorláksmessu

Sími **896 1250** Takmarkað
sætaframboð

Fyrsta mannvirkið úr alíslensku límtré

Landsvirkjun er með í smíðum göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá rétt fyrir ofan Þjófafoss sem tengir saman sveitarfélögin Skeiða- og Gnúpverjahrepp annars vegar og hins vegar Rangárþing ytra. Límtré úr íslensku greni er notað í burðarvirki og gólf brúarinnar og hún er því fyrsta meiri háttar mannvirkið sem gert verður úr alíslensku límtré. Þegar smíðinni lýkur verður þessum sveitarfélögum afhent brúin til eignar.

Trausti Jóhannsson, skógarvörður á Suðurlandi, segir að Landsvirkjun hafi staðið vel að öllu skipulagi og hönnun brúarinnar og lagt mikið upp úr því að notast yrði við umhverfisvænt byggingarefni. Fyrirtækið leit að til Skógræktarinnar og Límtrés Vírnetts til að útvega íslenskt efni til smíðinnar. Brúin er alls 102 metra löng timburbrú með steypum stöplum og burðarbitum úr stáli. Þar fyrir ofan koma límtrésbitar og loks tvöfalt lag af timburklæðningu í brúargólfið. Allt timburvirkið er úr íslensku sitkagreni úr Haukadalsskógi. Brúin verður göngubrú sem þó verður fær bílum í neyð. Er það hugsað sem öryggisatriði ef hamfarir verða, slys eða önnur neyðartilvik, svo að neyðarbílar komist þarna yfir.

Forsaga málsins er sú, að sögn Trausta, að árið 2019 leit aði fyrirtækið Límtré Vírnet til Skógræktarinnar og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um að kannaðir yrðu möguleikar á framleiðslu límtrés úr íslensku timbri. Sú vinna bar góðan árangur og reyndist íslenska timbrið vel í burðarþolsprófum. Límtré Vírnet hefur lagt mikið upp úr að allt ferlið við framleiðslu á límtré úr íslensku efni standist þær gæðakröfur sem annars eru gerðar við slíka framleiðslu og allar gæðaprófanir á timbrinu hafa komið mjög vel út. Var því einboðið að límtrésbitarnir í nýju Þjórsárbrúna yrðu



Flutningabíll fermdur með greni sem aflað var í Haukadal og sagað í starfsstöð Skógræktarinnar í Þjórsárdal. Límtré Vírnet á Flúðum notar efnið í límtrésbita í nýja brú yfir Þjórsá sem verður aðallega göngu- og reiðbrú en getur borið bíla í neyðartilvikum. Ljósmynd: Jóhannes H. Sigurðsson.

unnir úr íslensku sitkagreni í verksmiðju Límtrés Vírnetts á Flúðum.

Skógræktin hefur nú þegar aflað alls þess timburs í Haukadalsskógi sem þarf til brúar-smíðinnar. Timbrið var sagað í sögunarmyllu Skógræktarinnar í Þjórsárdal undir góðri leiðsögn Eiríks Þorsteinssonar, viðarfræðings hjá fyrirtækinu Trétækniráðgjöf slf. Trausti bendir á að Eiríkur sé hokinn af reynslu þegar kemur að sögun og vinnslu á timbri og því hafi aðkoma hans verið mikilvæg svo að allt yrði rétt gert í ferlinu. Eiríkur sá m.a. um sjónflokkun á efninu sem fer í brúna. Fyrstu fjalirnar voru svo fluttar úr Þjórsárdal 21. október til þurrkunar og frekari vinnslu hjá Límtré Vírneti á Flúðum. Þegar efnið hafði náð réttu rakastigi var hafist handa við að hefja, fingurlíma saman fjalirnar og því næst líma í límtrésbita eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Brúarsmíðin er komin af stað og vinna við uppsteypu stöpla langt komin þegar þetta er skrifað. Trausti segir að mikilvægt

hafi verið að ná að ljúka þeim hluta verksins áður en veturkonungur tæki öll völd. Í vor verði svo haldið áfram með verkið og stefnt að því að brúin verði tilbúin á næsta ári.

Allt samstarf var einstaklega gott í hópnum sem að verkinu hefur unnið, segir Trausti. Auk þeirra sem þegar hafa verið nefndir voru fulltrúar frá Eflu verkfræðistofu einnig hluti af hópnum og sáu um hönnun burðarvirkisins.

Trausti segir óhætt að fullyrða að með þessu sé stigið stórt skref fyrir skógrækt á Íslandi. Ánægjulegt sé að sjá íslenskt timbur notað í svona stórt verkefni, timbur sem stenst vel þær kröfur sem til þess eru gerðar. Hlutfall íslensks timburs í mannvirkjagerð á Íslandi eigi eftir að aukast jafnt og þétt á komandi árum. Mikilvægt sé því að hugsa vel um skógana okkar svo hægt verði að framleiða meira gæðatimbur sem hentar til smíði húsa eða annarra mannvirkja og að sama skapi að halda áfram þróun og vinnslu á íslensku timbri.

Bók um Lúðvík Norðdal læknir á Eyrarbakka og Selfossi

Út er komin bókin Lúðvík Norðdal Davíðsson (1895-1955) eftir Lýð Pálsson sagnfræðing.

Lúðvík D. Norðdal fæddist í Eyjarkoti á Skagaströnd í Austur-Húnavatnssýslu 6. júlí 1895 sonur fátækra hjóna. Hann braust til mennta og lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1922. Hann kvæntist Ástu Jónsdóttur og eignuðust þau þrjú börn. Lúðvík varð læknir á Eyrarbakka 1922 en á Selfossi 1945 og út starfsævina. Hann var læknir á breytingatímum, starfsskilyrði hans voru frumstæð í fyrstu og varð stundum að gera vandasamar skurðaðgerðir í heimahúsum. Ferðamáttinn var í fyrstu hesturinn en síðan komu bifreiðar til sögunnar. Lúðvík naut trausts meðal skjólstaðinga sinna og sýndi þrautseigju og


dugnað við erfið skilyrði. Hann var þátttakandi í sunnlensku mannlífi af lífi og sál. Lúðvík lét af störfum sökum heilsuþrestra árið 1954 og lést 27. janúar 1955 í Reykjavík aðeins 59 ára að aldri.

Í bókinni er greint frá helstu æviatriðum í lífi Lúðvíks Norðdal læknis á Eyrarbakka og Selfossi. Aflað hefur verið heimilda um Lúðvík og tekin viðtöl við ýmsa sem mundu Lúðvík að störfum. Fjallað er um æsku Lúðvíks, skólagöngu, fjölskyldu, læknis- störf, félagsmálastörf og stjórnmálaláttöku. Sérstakur kafli er um kveðskap hans.

Höfundur bókarinnar er Lýður Pálsson (f. 1966) safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka. Lýður lauk BA-prófi í sagnfræði árið 1990 og MA-prófi í hagnýtri menningarmiðlun árið 2014. Ásamt störfum við safnið hefur Lýður skrifað greinar og bækur um ýmsa þætti úr sögu héraðsins.

Bókin er sett upp af Sylvíu Kristjánsdóttur grafískum hönnuði. Útgefendur eru nokkrir afkomendur Lúðvíks Norðdal. Bókin fæst hjá Bókakaffinu á Selfossi og í Ármúla í Reykjavík. Einnig hjá höfundi.





Njála lifir góðu lífi í Covid

Nemendur í íslensku við ML hafa ekki farið varhluta af þeim leiðindum sem fylgja löngum vinnudögum við tölvu-skjáinn heima í Covid. Þess vegna var brugðið á það ráð að brjóta upp kennsluna í íslensku í eina viku með myndbandagerð. Brennu-Njáls saga er námsefni annarinnar og varð hún nemendum innblástur að fjölbreyttum sköpunarverkum svo sem ljóðum, tónverkum, brúðuleikriti, stuttmyndum, tölvugerðum af söguviði Njálu, bardagasenu úr legókubbum, krossgátu og málverkum. Verkunum var öllum miðlað á myndbandaformi. Að mati íslenskukennara komu óumræðilegir hæfileikar í ljós hjá öllum nemendum. Myndböndin má skoða á heimasíðu ML. Því miður tókst ekki að birta öll myndböndin. -gpp

Húsfreyjan í boði rafrænt

Nú getum við sagt lesendum þær frábæru fréttir að Húsfreyjan er í boði í rafrænni áskrift. Mögulegt er að vera bæði áskrifandi að tímaritinu á pappír, eins og verið hefur í 71 ár, rafrænt eða bæði.

Margir munu kjósa að fá áfram fallett og áhugavert blað í hendur og njóta þess að fletta því og vera líka í rafrænni áskrift og hafa þannig jafnframt aðgang að tímaritinu hvar sem er í símanum eða tölvunni. Aðrir velja áfram óbreytta árskrift og fá blaðið sitt á pappír. Einnig er að sjálfsögðu í boði að breyta áskriftinni eingöngu í rafræna áskrift. Nýir áskrifendur geta valið hvaða leið sem þeir óska af þessum þremur:

- Áskrift að Húsfreyjunni heimsent á pappír.
- Áskrift að Húsfreyjunni heimsent á pappír og rafrænt.
- Áskrift að Húsfreyjunni rafrænt.

Núverandi áskrifendur geta farið inn á husfreyjan.is til að fá aðgang að áskriftarvefnum og nýir áskrifendur skráð sig. husfreyjan@kvenfelag.is - sími 552 7430



Auglýsing um tvær skipulagstillögur í Ölfusi



Skipulag hafnarsvæðis:
Auglýst er breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis Þorlákshafnar vegna fyrirhugaðs snúnings og breikkunar Suðurvararbryggju. Að auki er endi Austurgarðs stytur um 40 metra og mjókkadur, til að stærri skip eigi auðveldara með að sigla inn í norðurhöfnina. Skv. spálíkönun munu þessar breytingar bæta öldulag innan hafnarinnar.
Tillagan verður til kynningar skv. 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga, á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1 frá 22. desember 2020 til 3. febrúar 2021.

Breyting á deiliskipulagi í landi Ferjukots:
Skipulagið er nú auglýst að nýju. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem var samþykkt í sveitarstjórn Ölfuss 25. júní 2009. Markaður er byggingarreitur fyrir 6 lítil ferðapjónustuhús, allt að 80 fermetrar hvert og aðstöðuhús, allt að 80 fermetra, norðaustan við þá byggð sem áður var ráðgerð á svæðinu.
Tillagan verður til kynningar skv. 1. mgr. 41. greinar skipulagslaga, á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1 frá 22. desember 2020 til 3. febrúar 2021.

Breyting á aðalskipulagi:
Skipulagslýsing á breytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 vegna breyttrar landnotkunar á tveim stöðum í Ölfusi. Fyrirhugað er að breyta landnotkun fyrir 400 fermetra reit í landi Gótu í Selvogi þar sem hugmyndin er að reisa 30 m hátt fjarskiptamastur. Einnig er fyrirhugað að breyta landnotkun á um 15 ha svæði við Stóra-Saurbæ 3 úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði. Þegar hafa verið samþykktar fjórar skipulagsáætlanir í bæjarstjórn sem gera ráð fyrir íbúðarhúsum á svæðinu.
Lýsingin verður til kynningar skv. 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010, á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss í Hafnarbergi 1 frá 22. desember 2020 til 20. janúar 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

STARFSFÓLK APÓTEKARANS ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM GLEÐILEGRAR HÁTÍÐAR

Afgreiðslutími um jól og áramót:



Þorláksmessa 23. des. kl. 9–20
Aðfangadagur 24. des. kl. 9–12
Jóladagur 25. des. LOKAÐ
Annar í jólum 26. des. kl. 12–16
Sunnudagur 27. des. LOKAÐ
28. des. kl. 10–18

Gamlársdagur 31. des. kl. 9–12
Nýársdagur 1. jan. LOKAÐ
Laugardagur 2. jan. kl. 10–16
Sunnudagur 3. jan. LOKAÐ

Apótekarinn Selfossi
Austurvegi 3–5
S: 482 1177

Apótekarinn⁺
– lægra verð



Hlíðarhagi í Hveragerði, lýsing á breytingu á aðal- og deiliskipulagi.

Á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar þann 10. desember 2020 var samþykkt að kynna fyrir almenningi og öðrum hagsmunaaðilum lýsingu á tillögu að breytingu á aðal- og deiliskipulagi fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar í Hlíðarhaga sbr. 1. mgr. 30. gr. og 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að þéttleiki íbúðarbyggðar í Hlíðarhaga fer úr 15 íb./ha í 25 íb./ha og að þar verði byggðar allt að 42 nýjar íbúðir í 2ja hæða fjölbýlishúsum auk 3ja íbúða í einnar hæðar raðhúsi. Skipulagsreiturinn, sem er um 2,3 ha að flatarmáli, afmarkast af íbúðabyggð í Laufskógum til suðurs, af götunni Breiðamörk til austurs og af Hamrinum til vesturs og norðurs.

Skipulagslýsingin ásamt drögum að deiliskipulagi svæðisins liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar og á heimasíðu bæjarins www.hveragerdi.is.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum, ábendingum eða tillögum, sem nýta má við skipulagsgerðina, skulu senda þær til skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar á heimilisfangið Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúinn í Hveragerði

Sálfræðingur óskast



Birta starfsendurhæfing Suðurlands óskar eftir að ráða sálfræðing í tímabundna stöðu í eitt ár vegna fæðingarorlofs. Ef þig langar að breyta til, komast í fjölbreytt starf í þverfaglegu vinnuumhverfi og öðlast reynslu á sviði starfsendurhæfingar þá gæti þetta verið rétta starfið fyrir þig. Birta starfsendurhæfing er úrræðaaðili fyrir Virk starfsendurhæfingarsjóð um heildstæða þverfaglega starfsendurhæfingu og er einnig í samstarfi við Vinnuálastofnun á Suðurlandi og félagsþjónustur sveitarfélaganna á Suðurlandi. Hjá Birtu starfa fjórir fagaðilar á sviði starfsendurhæfingar. Að jafnaði eru í kringum 30-40 þátttakendur í heildstæðri starfsendurhæfingu á hverjum tíma. Birta er heilsuefandi vinnustaður.

Starf sálfræðings felur í sér:

- Verkefnastjórn yfir fræðslu um bættu andlega líðan.
- Sálfræðimeðferð fyrir þátttakendur í starfsendurhæfingu, þ.á.m. sálfræðilegar athuganir.
- Hópnámskeið sem byggjast á hugrænni atferlismeðferð, díalektískri atferlismeðferð eða öðrum gagnreyndum meðferðum; t.d. varðandi einkenni kviða, þunglyndis, félagsfælni, lágt sjálfálit, tilfinningastjórnun og fleira. Jafnvel tengt viðbótarmenntun og/eða áhugasviði sálfræðings.
- Þverfaglegt samstarf í vinnslu mála.
- Ráðgjöf í starfsendurhæfingu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Starfsleyfi sem sálfræðingur á Íslandi.
- Sjálfstæði og metnaður í starfi.
- Vera sveigjanlegur, hugmyndaríkur og tilbúinn að takast á við áskoranir.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til þátttöku í þverfaglegu samstarfi.
- Áhugi á starfsendurhæfingu.

Um er að ræða 100% starfshlutfall. Umsóknarfrestur er til 22. janúar 2021. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. mars eða eftir samkomulagi. Frekari upplýsingar veitir M. Brynja Guðmundsdóttir sálfræðingur hjá Birtu eða Sandra Guðmundsdóttir forstöðumaður Birtu í s. 560 2055 eða á netföngin: brynja@birtastarfs.is og sandra@birtastarfs.is.

Á að loka framtíðina inni?

Náttúruvernd er samofin þjóðarsálinni. Hún á sér uppsprettu og talsmenn í öllu litrófi stjórnmálanna. Sama má segja um loftslagsmálin. Stærsta framlag okkar til þeirra er orkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum. Atvinnuvegir og atvinnutækifæri komandi kynslóða munu byggja á þeim möguleikum sem felast í nýtingu orkunnar í landinu; til að skapa hér fjölbreytt og vel launuð störf í nýjum greinum. Væðing framleiðsla og hátækni-geiri framtíðarinnar mun krefjast hreinu orkunnar okkar. Íslendingar mega því ekki loka á aðgang að auðlindum framtíðarinnar með ótímabærri löggjöf.

Ætlum við að uppfylla Parísarsamkomulagið?

Frumvarp um Hálendisþjóðgarð nær yfir um 30% af flatarmáli landsins. Þar af er um helmingur svæðisins þegar friðlýstur. Um er að ræða Vatnajökulsþjóðgarð sem nær yfir um 14% af flatarmáli landsins, auk friðlýstra svæða á miðhálandinu í umsjón Umhverfisstofnunar. Þessir 33 þús. ferkílómetrar þjóðgarðs að viðbættum jaðarsvæðum mun hafa áhrif á virkjanakosti en stærsti hluti raforkuframleiðslu landsins (tæplega 70%) er upprunninn innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs og þar liggur einnig stór hluti ónýttar endurnýjanlegra orkuauðlinda landsins.

Stærð virkjunarkosta innan marka þjóðgarðsins nemur samtals 2200 MW eða 79% af uppsettu raforkuafli á Íslandi. Hluti þeirrar orku, eða um 300 MW þarf að nýta til að Íslendingar uppfylli Parísarsamkomulagið um loftslagsmál sem Íslendingar eru aðilar að. Staðreyndirnar eru því þessar:

300 MW þarf til að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreinan innlenda orkugjafa í samgöngum til að uppfylla Parísarsamkomulagið. 600 MW þarf til að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir bílaflotann fyrir 2030. 1200 MW þarf fyrir full orkuskipti bíla, skipa og flugvéla innanlands fyrir 2030.

Framleiðsla vetnis er orkufrek framleiðsla sem oft er kallað fulltíðar. Ísland er nær eina landið í heiminum sem fyrir 30 árum lauk því ferli að gera atvinnulífið og heimilin sjálfbært með orku. Orkan okkar kemur frá endurnýjanlegum auðlindum.

Því miður hefur okkur ekki tekist að nýta þessa sérstöðu í loftslags-samningum við önnur lönd.

Hvaða áhrif mun stofnun þjóðgarðs hafa?

Hugmyndin er að fyrirhugaður Hálendisþjóðgarður verði flokkaður í verndarflokkun samkvæmt IUCN verndarflokkunarkerfinu. Það kerfi útilokar hefðbundna orkuframleiðslu og tengingu nýrra virkjana með loftlínunum. Einnig mun það útiloka styrkingu og endurnýjun á flutningskerfi raforku til framtíðar, innan Hálendisþjóðgarðsins og áhrifsvæða hans. Þessar áætlanir munu loka á tækifæri framtíðarinnar.

Sveitastjórnir og bændur hafa hingað til séð um að vernda og græða miðhálandið. Í stjórn Hálendisþjóðgarðs, sem ráðherra skipar, munu sitja ellefu fulltrúar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra skipi a.m.k. níu fulltrúa í umdæmisráð sem fara með málefni rekstrarsvæða Hálendisþjóðgarðsins. Rekstrarsvæðin verða a.m.k. sex talsins. Þetta verða því a.m.k. 54 fulltrúar, auk 11 manna í stjórn. Það er fátt eðlilegt við það að 14 fulltrúar umhverfis- og útivistarsamtaka sem eru frjáls samtök á höfuðborgarsvæðinu eigi að bera ábyrgð á stjórnunar- og verndaráætlun umdæmanna. Fólk sem ber enga ábyrgð gagnvart atvinnulífnum eða íbúum svæðanna enda ekki til þess kjörð af fólkinu. Það er kannski tímanna tákn að umboðslaust fólk af malbikinu setji bændum og íbúum dreifbýlisins reglur um þeirra nánasta umhverfi. Fólkið, börn náttúrunnar, sem hefur byggt afkomu sína á gæðum hálendisins og skapað þar tækifæri til atvinnulífs í ferðaþjónustu á betra skilið. Ekki nokkur maður þekkir það betur á eigin skinni en bóndinn. Bændur lifa í sátt við náttúruna og landið. Um það samband eiga eðlilega að gilda reglur sem við höfum nú þegar.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir þinginu hefur verið felld brott ákvæði um að sveitarstjórnir verði bundnar af stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins sem er meginstjórnþæki þjóðgarðsins. Í stjórnunar- og verndaráætlun verður hins vegar að finna almenn skilyrði um atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins sem mun hafa áhrif á gerð atvinnustefnu og leyfisveitingar fyrir atvinnu-



Ásmundur Friðriksson

alþingismaður

tengda starfsemi. Þannig þurfa allar ákvarðanir og athafnir innan þjóðgarðs að samræmast stjórnunar- og verndaráætlun. Ráðherra hefur farið mikinn í að tala um að virkjanakostir verði á skilgreindum jaðarsvæðum og ekki hluti hins friðlýsta svæðis. Því skal hins vegar haldið til haga að stjórnunar- og verndaráætlun Hálendisþjóðgarðsins nær einnig til jaðarsvæða þjóðgarðsins þar sem gera má ráð fyrir orkunýtingu. Sökum nálægðar við þjóðgarðinn er í frumvarpinu og í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins settir tilteknir skilmálar um umgengni á þessum jaðarsvæðum.

Alþjóðlegt mont?

Það virðist vera markmiðið með frumvarpinu að koma á fót stærsta þjóðgarði í Evrópu og slá þar með ryk í augu Rússa, sem eru nú með einn stærsta þjóðgarðinn sem þekur nærri 11% af öllu landinu. Ég velti því hins vegar fyrir mér hverju þjóðgarðurinn muni raunverulega skila fyrir þjóðarbúið, sér í lagi þar sem atvinnutækifærin innan marka hans verða takmörkuð. Þjóðgarðar eru að mínu mati mikilvægir fyrir verndun náttúrunnar, þó ekki sé nauðsynlegt að taka 30% landsins undir slíka starfsemi. Á það hefur verið bent að skynsamlegra hefði verið að sameina þau landsvæði á miðhálandinu sem þegar hafa verið skilgreind sem sérstök verndar og friðlýst svæði undir einn hatt Hálendisþjóðgarðs.

Þjóðgarðarnir á Íslandi telja nú þrjá. Í byrjun nóvember kynnti umhverfisráðherra áform um stofnun fjórða þjóðgarðsins á sunnanverðum Vestfjörðum. Þá eru friðlýst svæði og svæði sem njóta sérstakrar verndar í kringum 120 á landinu öllu og þeim fjólgar ört. Hugsunargangur og stjórnkerfi í frumvarpi um Hálendisþjóðgarð sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi gengur ekki upp. Það er hlutverk okkar að tryggja aðgengi framtíðarkynslóða að sjálfbærum endurnýjanlegum orkugjöfum, jafnt til heimilisparfa og grænnar atvinnuuppbyggingar.

Aðventulestur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Nemendur í 1. til 6. bekk í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri hafa notað aðventuna til að lesa jólasögur. Fyrir hverja lesna bók hefur nemandi fengið afhent hjarta eða stjörnu, sem hann merkir sér og hengir á jólatré skólans. Þannig hafa nemendur smátt og smátt skreytt jólatréð í desember en hugmyndin er sú að sýna samstöðu í verki og gleða

hvert annað þó við getum ekki alltaf verið öll saman á tímum heimsfaraldurs. Markmiðið er að sýna fram á samstöðu nemenda á erfiðum tíma, þar sem heimsfaraldurinn hefur haft margskonar áhrif á líf nemenda okkar. Það var Hafðís Sigurjónsdóttir, starfsmaður skólabókasafns Barnaskólans, sem átti hugmyndina að lestrinum sem hefur sannarlega slegið í gegn hjá nemendum.



Barnajólasagan

Vinningshafi barnajólasögunnar þetta árið er Óskar Bragi Bjarkason 7 ára. Hann hlaut að launum bókaverðlaun frá Bókakaffinu á Selfossi. Óskar gerði bók, sem hann sendi okkur myndir af. Upprennandi útgefandi hér á ferð.

Jón og jólin

Formáli

Í þessari bók eru jól hjá Jóni!


1. kafli – Undirbúningurinn fyrir jólafríð

Jón var að hjálpa mömmu sinni að skreyta jólatréð. En allt í einu sá Jón ekki lengur pabba sinn. Hann skimaði í kring um sig en sá ekki pabba. Hvar er pabbi? spurði Jón. Ég veit það ekki, sagði mamma hans.

2. kafli – Leitin að pabba

Þau leituðu og leituðu en allt í einu sá þau pabba sitjandi í sófanum að horfa á sjónvarpið!

Höfundur: Óskar Bragi Bjarkason, 7 ára.



Á myndunum má sjá höfundinn ásamt myndum af bókinni góðu. Bóksalinn í bænum hefur alltént fengið veður af framtíðarhöfundi.

Eyrún Huld vann F. Janiewicz keppnina 2020



Á myndinni má sjá Eyrúnu Huld Ingvarsdóttur leika þriðja þátt úr konsert í g-moll eftir Vivaldi. Verkin voru bæði tekin upp á myndband sem sent var inn í keppnina.

Það er ánægjulegt hve líflegt skólastarf Tónlistarskóla Árnesinga er þrátt fyrir Covid.

Eyrún Huld Ingvarsdóttir tók þátt í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins í haust. Vegna Covid var hætt við tónleika, en nemendur sendu inn myndband með hljóðfæraleik í staðinn.

Eyrún lék 3. þátt úr konsert í g-moll eftir Vivaldi og Salut


d'amour eftir Edward Elgar, við undirleik Einars Bjarts Egilssonar píanókennara skólans, en kennari Eyrúnar er Guðmundur Pálsson.

Þann 13. desember var tilkynnt um úrslit, þar sem Eyrún Huld vann í sínum aldursflokki.

Við óskum öllum hlutað-eigandi innilega til hamingju með árangurinn.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ferskar fréttir á hverjum degi.



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**LJÓSMYNDAR
PRENTUN**

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástíllingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

KIRKJUR

Hveragerðiskirkja
Streymt úr Hveragerðiskirkju
aftansöng á aðfangadag kl. 18:00 á heimasíðu Hveragerðis-
prestakalls og Facebook-síðu

Selfoskirkja
Streymt úr Selfoskirkju hátíðar-
messu á jóladag kl. 14:00 á
heimasíðu Selfoskirkju og
Facebook-síðu.

Þorláksskirkja
Streymt úr Þorláksskirkju aftan-
söng á gamlársdag kl. 17:00 á
heimasíðu Þorláksskirkju og
Facebook-síðu.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?**

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Hugleiðingar kvenfélagskonu í árslok

Það er dimmur desember-
morgunn og fyrsti kaffibolli
dagsins rennur ljúflega niður.
Jólahátíðin speglast í rigningar-
dropunum sem renna niður
gluggana og hugurinn leitar til
komandi jólahátíðar, hátíðar
sem í huga margra einkennist
af samveru og samskiptum fjöl-
skyldna og vina. Að þessu sinni
þurfum við þó að endurskoða
hefðirnar og venjurnar. Jóna-
boð, heimsóknir og fjölmennar
samverustundir eru ekki á dag-
skrá og þurfum við að takmarka
þann hóp sem við umgöngumst
yfir hátíðirnar.

Það eru ekki bara hefðir og
venjur í fjölskyldulífinu sem
hefur þurft að endurskoða. Starf
ýmissa félaga um allt land hefur
í mörgum tilvikum legið í dvala,
viðburðir fallið niður og fjár-
afanir verið með minnsta móti
og þar er starf kvenfélaga ekki
undanskilið.

En af hverju kvenfélag? Er
einhver þörf fyrir slíka starfsemi
á 21. öldinni? Eru ekki kven-
félögin bara arfur fortíðar – eitt-
hvað sem ekki verður til í fram-
tíðinni?

Þegar lítið er til baka má sjá
hve margt gott hefur skapast
fyrir drifkraft formæðra okkar í
gegnum starf kvenfélaga. Í upp-
hafi var áhersla lögð á að efla
samvinnu meðal kvenna, vinna
að aukinni menntun þeirra og
sinna líknamstarfsemi. Félögin
stóðu fyrir ýmiss konar fræðslu
með það fyrir augum að efla
konur á sem flestum sviðum og
stofnaðir voru sjóðir til að styðja
við framgöngu góðra verkefna.
Einnig beittu félögin þrýstingi
til að koma ýmsum breytingum
í gegn í velferðarmálum í stjórns-
kerfinu. Talsvert vatn hefur þó
til sjávar runnið frá fyrstu árum



Kvenfélagið Freyja færði Björgunarsveitinni Dagrenningu sjúkrabörur að gjöf. Magnús Kristjánsson formaður Dagrenningar og Þorsteinn Jónsson með börurnar góðu.



Kvenfélagið Freyja færði Björgunarsveitinni Dagrenningu sjúkrabörur að gjöf. Magnús Kristjánsson formaður Dagrenningar og Þorsteinn Jónsson með börurnar góðu.

kvenfélaganna og samfélag
okkar tekið miklum breytingum.
Í dag búa kynslóðir ekki saman
á heimilum, margvísleg opinber
stuðningskerfi eru komin á lagg-
irnar, samgöngur eru sjaldnast
hindrun lengur, aðgangur að
menntun, fræðslu og skemmt-
unum orðinn betri og framboð
á alls kyns félagsstarfi aukist
verulega. Valdefling kvenna
virðist vera á góðri leið og konur
eru sífellt meira áberandi í fram-
línu íslensks samfélags.

Greinilegt er að miklu hefur
verið áorkað til betri vegar og
eiga kvenfélög stóran þátt í þeim
árangri. Má það einnig merkja á
styrkjum og gjöfum til stofnana
og fyrirtækja sem vinna í al-
mannapágu. En er þá samfélagið
orðið fullkomið og engin þörf
fyrir breytingar eða úrbætur?

Látum okkur nú sjá. Tals-
verð umræða hefur verið um
tímaskort og áreiti. Mikið álag
sé á fjölskyldur og heimili sem
leiðir af sér aukinn kvíða, brott-
fall úr skólum og af vinnu-
markaði. Margir einstaklingar
og fjölskyldur flytja til lands-
ins erlendis frá og eiga lítið
tengsla- og stuðningsnet hér á
landi. Tengsl og samskipti milli
kynslóða fara minnkandi með
þeim afleiðingum að ýmiss
konar handverk sem og önnur
þekking og reynsla getur fallið
í gleymiskunnar dá. Umhverfis-
mál og sjálfbærni eru aðkallandi
málefni og lengi mætti halda
áfram. Eftir því sem heimurinn
opnast og margir hlutir orðið
einfaldari og aðgengilegri hefur
sjóndeildarhringurinn víkkað
og kannski höfum við um leið

aðeins misst sjónar á því sem
er nokkur næst. Kannski verða
þessir síðustu mánuðir til þess
að við stöldrum við, förum að
líta okkur nær og velta fyrir okk-
ur hvort tækifærin liggja kannski
í okkar nánasta umhverfi. Engir
vita betur en íbúar sveitarfélaga
hvers þarf með í þeirra nærum-
hverfi og þörf fyrir stuðning við
stofnanir og einstaklinga mun
trúlega ávallt vera fyrir hendi.
Ég gæti líka trúað því að það
felast ákveðin tækifæri í því að
í kvenfélögum eru konur sem
koma úr öllum stígum atvinnu-
lífsins og á öllum aldri sem
leggja sitt af mörkum og bera
með því mismunandi viðhorf,
reynslu og þekkingu milli kyn-
slóða. Það er dýrmætt í hröðu
samfélagi nútímans að geta
leitað í þekkingarbrunn eldri
kynslóða um leið og þær yngri
koma með nýja sýn og þekkingu
að borðum.

Fyrir mína parta, ég hlakka
til komandi tíma þegar bólu-
efni berst og lífið fer að færast
að einhverju leyti í fyrra horf.
Ég hlakka til að fá að hitta kon-
urnar í mínu kvenfélagi og starfa
með þeim að nýju. Ég hlakka til
að takast á við ný verkefni með
þeim og halda þannig áfram á
langri vegferð kvenfélaga lands-
ins við að búa til gott mannlíf
sem leiðir af sér betra samfélag.

Ágæta samferðarfólk, ég
óska ykkur öllum gleðilegrar
jólahátíðar og farsæld á kom-
andi ári.

Svava Björk Helgadóttir,
formaður Kvenfélagsins Freyju
í Austur-Landeyjum.

Helgihald með öðrum brag en tíðkast hefur

Árborgarprestakall,
Hveragerðisprestakall
og Þorlákssprestakall hafa
tekið sig saman um að taka
upp einfalt helgihald jóla og
áramóta sem streymt verður
á heimasíðum og Facebook-
síðum prestakallanna.

Aftansöng aðfangadags
verður streymt úr Hvera-

gerðiskirkju kl. 18 á að-
fangadag.

Helgihald jóladagsins
kemur úr Selfoskirkju og
verður sent út kl. 14:00.

Aftansöngur gamlársdags
verður úr Þorláksskirkju og
honum er streymt kl. 17 á
gamlársdag.



Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Framhald á samstarfi við SS

HANDBOLTI Handknattleiksdeild Selfoss og Sláturfélag Suðurlands hafa framlengt samstarfs-samningi sín á milli, en Hafþór Úlfarsson, deildarstjóri markaðsdeildar SS skrifaði undir samninginn fyrir hönd SS og Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar fyrir hönd Selfoss. Það er kærkomið að svona stórt og rótgróið fyrirtæki úr heima-byggð eins og SS er styrki deildina.

-esó



Hafþór (t.v.) og Þorsteinn Rúnar að lokinni undirritun.
Ljósmynd: Umf. Selfoss

Dregið í jólahappdrætti knattspyrnudeildar



KNATTSPYRNA Dregið var í árlegu jólahappdrætti knattspyrnudeildar föstudaginn 18. desember við hátíðlega athöfn í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg.

Aðalvinningurinn kom á miða númer 2139. Í ár voru gefnir út 5.000 miðar, aldrei hafa verið gefnir út svo margir miðar áður og seldust þeir allir á metíma. Upplýsingar um vinningsnúmer má finna á vefsíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net.

Happdrættið er stór hluti af fjáröflun ungra iðkenda fyrir knattspyrnumót komandi sumars.

Leikmenn mánaðarins

Knattspyrnudeild Selfoss
Desember 2020

Briat Fanney Jökulsdóttir
Leikmaður 4. flokks kvenna

Svavar Orri Arngrímsson
Leikmaður 6. flokks karla

selfossfotbolti

selfoss.net/knattspyrna

Sjö semja!

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss gekk á dögnum frá framlengingu á samningi við sjö leikmenn meistaraflokks karla og munu þeir allir leika með liðinu næstu árin. Um er að ræða þá Þorstein Daníel Þorsteinsson, Adam Örn Sveinbjörnsson, Jökul Hermannsson, Gunnar Geir Gunnlaugsson, Þormar Elvarsson, Ingva Rafn Óskarsson og Arnar Loga Sveinsson.

Þetta er mikið fagnaðarefni fyrir liðið enda stóðu þessir leikmenn sig með mikilli þrýði í 2.



Úr safni. Ljósmynd: Umf. Selfoss

deild í sumar. Meistaraflokkur karla hóf undirbúningstímabil sitt nú dögnum þegar æfingabanni var aflétt.

Við óskum Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

Hátíðarkveðja,



Í Landsbankahúsinu enn um sinn



Landsbankahúsið á Selfossi var á dögunum selt Sigtúni þróunarfélagi sem stendur fyrir uppbyggingu á nýjum miðbæ á Selfossi. Landsbankinn er þó ekki á förum úr húsinu í bráð því gerður hefur verið leigusamningur um áframhaldandi afnot bankans af 1. hæð og kjallara. Útibúið er því á sama stað, þótt húsið sé ekki lengur í eigu bankans.



„Landsbankahúsið er auðvitað glæsilegt og auðvitað er viss eftirsjá af húsinu, bæði meðal viðskiptavina og starfsfólks. Staðreyndin er þó sú að húsið var alltof stórt fyrir starfseminu og óhentugt að ýmsu leyti. Við erum samt alls ekki á förum úr húsinu strax því bankinn er búinn að ganga frá leigusamningi til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Við sem vinnum í húsinu erum full tilhlökkunar að sjá hvaða húsnæði á Selfossi verður fyrir valinu,“ segir Nína G. Pálsdóttir, útibússtjóri Landsbankans á Selfossi. Ýmsir möguleikar hafa verið nefndir varðandi framtíðarhúsakost

útibúsins en Nína segir að ekkert hafi enn verið ákveðið í þeim efnum. Nægur tími sé til að finna hentugt húsnæði í bænum. „Við erum með mikla markaðshlutdeild á Selfossi og á öllu Suðurlandi og við leggjum mikla áherslu á að veita hér góða þjónustu,“ segir hún. Í útibúinu á Selfossi eru 12 starfsmenn en alls eru starfsmennirnir 17 ef starfsstöðvarnar í Reykholti og Þorlákshöfn eru taldar með.

Sjáum fram á bjartari tíma

Öll útibú Landsbankans eru nú lokuð vegna sóttvarnaaðgerða. „Í staðinn veitum við þjónustu í gegnum síma eða tölvupóst, hraðbankarnir í útibúinu eru aðgengilegir allan sólarhringinn og það er auðvitað alltaf opið í netbankanum og Landsbankaappinu. Ef við getum ekki leyst úr málum með viðskiptavinum með þessum hætti tökum við á móti þeim í útibúnum samkvæmt tímapöntunum. Allt er þetta gert í varúðarskygni og sem betur fer sjáum við fram á bjartari tíma.“ Nína segir að þrátt fyrir að aðgengi að útibúum sé mjög

takmarkað sé nóg að gera. „Staðreyndin er sú að útibúin á landsbyggðinni hafa í auknum mæli tekið að sér verkefni sem ekki eru bundin við tiltekna landshluta. Við hér á Selfossi höfum til dæmis verið að vinna verkefni sem snúa að úrvinnslu íbúðalána til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og veitt ráðgjöf í gegnum síma til viðskiptavina víða um land. Ég vona bara að fljótlega verði hægt að léttu af sóttvarnaaðgerðum þannig að við getum boðið fleira fólk velkomið í útibúið á nýju ári,“ segir Nína.

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC (viðskiptafræði)
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Bílasprautun - Bílaréttingar Bilrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

HREINGERNINGA

þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020

BYKO Selfossi

Fæst hjá

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Jiibbiir
Siggaferðir

- Flutningapjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfr F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnapjónustan ehf

Þípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

25. ára

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is